

Kirkja Örlygs á Esjubergi – helgistund kl 14 sunnudaginn 27. júní

Sunnudaginn 27. júní nk. kl 14 minnst Kjalnesingar þess að samkvæmt Landnámu stóð vagma kristinnar trúar á Kjalarnesi þar sem Örlygur Hrappson byggði fyrstu kirkju á Íslandi. Í tilefni þess verður helgistund að Esjubergi í umsjá sr. Gunnars Kristjánssonar prófests og sr. Gunnþórs Ingasonar sérþjónustuprests á sviði þjóðmenningar.. Að athöfn lokinni bjóða sögufélagið Steini og sóknarnefnd Brautarholtssóknar til kirkjukaffis í Klébergsskóla. Dr. Gunnar Kristjánsson flytur hugleiðingu þar sem hann horfir til sögunnar, sr. Gunnþór Ingason fjallar um heilagan Patrek postula Írlands, Hrefna Sigríður Bjartmarsdóttir segir frá Örlygi Hrappssyni frá Suðureyjum og Þórarinn Þórarinsson fjallar um Hof í Kjalnesingasögu. Tónlistarflutningur verður í umsjón Guðlaugs Viktorssonar og Eggerts Pálssonar. Allir áhugasamir eru velkomnir.